

# Kirkja Krist.

(1 af 3).

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Kirkjan hefur lengi verið til. Hún kom með Kristi og við þekkjum hana. Kirkjan starfar í krafti og eldi hans sem dó á krossi og reis upp frá dauðum á þriðja degi og steig upp til himna að lærisveinunum sínum ásjáandi og settist við hægri hönd Föðursins og var gefið allt vald á himni og jörðu. Þetta vald er enn til staðar og tilheyrir kirkjunni.

Hið merkilega er að hann gaf lærisveinum sínum þetta vald með sér sem öndvert gefur þeim full yfirráð yfir Satani og herjum hans og geta beygt hann og bugað með orðum munns síns töluð út í Jesú nafni. Satan hefur engan andmælarétt og verður að hverfa af vettvangi. Þetta er kirkjan og það sem hún stendur fyrir.

**" Þá segir Jesús við hann: Sæll ert þú, Símon Jónasson! Hold og blóð hefur ekki opinberað þér þetta, heldur faðir minn á himnum. Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og máttur heljar mun ekki á henni sigrast. "** (Matt 16:17-18)

Er arftakar Jesú fylltust allir Heilögum Anda í Loftstofunni forðum og hófu að tala annarlegum tungum (tungutal) fengu þeir alla djörfungina sem þurfti til að halda áfram starfinu sem Jesú hóf. Útilokað var að með dauða hans dæi einnig starfið sem hann var sendur til að koma á fót. Sem er Kirkja Krists. Með fyllingu Heilags Anda, og öðrum gjöfum Andans fengu þessir áður lafhræddu menn kraftinn sem þeir þörfnuðust til að fá útbreitt ríki Jesú. Þessir tólf sem voru með Jesú voru allir menn sem Jesú valdi sjálfur. Og enn í dag er verkslag Drottins eins. Hann fer um talar til manna, hvers sem er, og segir:

**" Fylg þú mér! Og hann (Matteus) stóð upp og fylgdi honum. "** (Matt 9:9) –

Jesú eftirlætur manninum svo sjálfum að ákveða hvort hann hlýði kallinu. En kall Drottins hefur borist einstaklingi. Og vegna þess hversu mikill blessun fylgir kalli Drottins er vel hægt að hvetja menn til að stökkva strax á það en bíða ekki með sína ákvörðun til morguns sem svo dregst úr allri hömlu og einn daginn andar hinn kallaði maður ekki lengur og farin undir græna torfu og hvarf héðan í syndum sínum vegna þess að hann vildi aldrei hlýða og gera Krist að herra sínum og ganga inn í ríki Guðs sem sigurvegari og endaði því í tapliðinu og að eilífu glataður. Sumt fólk svarar aldrei kalli Drottins og getur því ekki annað heldur en dáðið í synd. Sem eru hörmuleg endalok á ævi manneskjunnar. Hverrar sem er.

Kirkjan er veruleiki og sett á laggirnar til að bjarga manninum frá hörmungum sem endar hjá Dauðanum og Hel.

**" Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf. "** (Jóh 3:16)

Lífið er alvörumál en ekki hégómi sem menn geta farið með að vild og lítilsvirt og gert hvað sem þeim sjálfum sýnist með. Vissulega gera þetta margir. Það er syndin sem kemur slíku kæruleysi að hjá fólki. Hún veit um og nýtir sér sjálfstæðan vilja fólks og blekkir fólk, svíkur fólk og lýgur ótæpilega og miskunnarlaust að fólki.

Syndin hefur rót. Syndin teygir rætur sína djúpt niður og þiggur næringu úr blekkingunni, svívirðingunni, illu umtali. Allt fætt með syndafallinu við tré góðs og ills.

Kirkja Krists er hin hliðin á teninginum. Hún er málsvari hins góða, fagra og fullkomna. Og með kirkjunni og boðskapnum þrauka þeir. Halda áfram. Eru erindrekar Jesú þótt á móti blási. Dag og nótt eru þeir biðjandi, hrópandi neyðarhróp til Drottins vegna syndarinnar sem flæðir yfir og nær að drekkja svo mörgum og sífellt bætist við. Þeir eru salt jarðar sem Kirkja Krists er að nota til góðra verka. Þeir eru ljós heimsins sem lýsa afvegaleiddum sálum réttan veg. Þeir fara og sækja fólk í Jesú nafni. Þetta fólk eru verðmæti sem heimurinn á ekki skilið en eru samt til taks eingöngu vegna kærleika og elsku hans sem dó á krossi og gaf sjálfan sig í dauðann fyrir syndir manns.

Jesú kemur í eigin persónu og endurfæðir örþreytta sál og flytur yfir línuna til kirkjunnar sem kennd er við Son Guðs.

Kirkja Krists geymir nafnið sem gefur fólki eilíft líf.

Í Kirkju Krists á nafnið Jesú heima um aldur og ævi. Fólkið sem þar er statt og er endurfætt heyrði sitt kall: " Fylg þú mér " – og þekktist boðið og veit um elsku Jesú.

Munum! Tími kirkjunnar er núna. Enn er náð. Enn er von. Krossinn er ennþá í gildi.

Kristur kom til að láta ritningarnar rætast og reisa kirkjuna á grunni sem stenst tímans tönn og eftirlét hana komandi kynslóðum. Jesú lifir og kirkjan lifir áfram með og í honum óbreytt, byggð á Orðinu og þeim opinberunum sem hann kom með og lætur kirkju sinni í té þegar hann sjálfur vill. Allt á réttum tíma. Á Jesú tíma.

Jesú sér sjálfur um að vekja og halda lífi í öllum Orðunum sem hann flutti samtíðarfólki sínu. Þetta er fólkið sem viðurkenndi að Biblían er Orð Guðs og hinn trúu og sönnu og að í Orðum hans sé líf. Já, líf í gnægð.

Jesú sér sjálfur um að þessi sannleikur berist milli manna. Hann lifir og er sístarfandi fyrir sinn Heilaga Anda á jörðinni. Og Heilagur Andi tekur sér bólstað í hjarta manneskjunnar og Jesú unir sér engrar hvíldar fyrr heldur en réttlætinu hefur verið fullnægt og hann kominn með allan sinn barnaskara sem Guð ætlar honum að annast og bera og fara með þangað sem barnaskarinn var skapaður til að vera. Inn í ríkinu hans himnesku.

" Já, ég vil fylgja þér Jesú " eru orð sem skera úr um líf og dauða. Fimm orð sem ráða hvort ég og þú lifum eða deyjum og endum á staðnum sem minningarnar lemja okkur öllum stundum og viðhaldast hvernig sem við reynum að komast frá þeim.

Við þurfum sannleikann og mikið af sannleikanum. Bara sannleikurinn gerir manninn frjálsan.

Drottinn Jesú í kærleika sínum kom til að flytja okkur sannleikann og búa til umgjörð utan um sinn sannleika sem heitir Kirkja Krists. Þar stendur, á mönnum alltént að standa til boða allur sannleikurinn um málið sem gefur þeim raunverulegt og alvöru val um rétt og rangt. Þar læra þeir um rétt og rangt og hvað réttlæti Guðs er og hvernig það skarar framúr réttlæti manna. Slíkt er réttur allra manna í heimi sem er yndislegur vegna Orðsins en um leið ömurlegur

vegna flæðandi syndarinnar og hinna afvegaleiddu sálna sem reika um með allar hugsanir sína illar og vondar á öllum dögum lífsins.

Náð Guðs er ekki þrotinn og hann hefur áætlun með hvert mannsbarn. Áætlun sem hefst með þessu kalli Krists: " Fylg þú mér. "

Maður sem " gleymir " að gera sannleikann að hlutskipti sínu á ekki bjarta framtíð. Þetta er lögmál sem margri hafa fengið að upplifa og greiða jafnvel hátt gjald fyrir í lífinu. Allir þessir ógrynni dóma sem kveðnir eru upp á ári hverju og setja menn á bak við lás og slá eru gleggsti vitnisburðurinn. Syndin flæðir yfir allt og drekkir öllu á endanum.

Sögu kirkjunnar má rekja allt til trésins í garðinum þar sem forverar mannsins féllu fyrir fagurgala skelmisins sem rændi völdunum og setti sjálfan sig í hásætið sem Guði einum var ætlað. En val mannsins og sjálfstæður vilji hans, sem er óafturkræf gjöf frá Guði, kom öðru til leiðar og hefur fylgt manningnum með æ alvarlegri og stærri skellum eftir því sem dagur Drottins færir nær.

**" Drottinn Guð sagði: Sjá, maðurinn er orðinn sem einn af oss, þar sem hann veit skyn góðs og ills. Aðeins að hann rétti nú ekki út hönd sína og taki einnig af lífsins tré og eti, og lifi eilíflega! Þá lét Drottinn Guð hann í burt fara úr aldingarðinum Eden til að yrkja jörðina, sem hann var tekinn af. Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Edengarð og loga hins sveipanda sverðs til að geyma vegarins að lífsins tré. "** (1Mós 3:22-24) Lífsins tré þarna er vitaskuld mynd upp á kirkjuna og er um leið fyrirheiti sem Guð gaf mannkyni. Fyrirheitið felur í sér björgun og opinberaðist með fæðingu og verkum Jesú. Við munum að hann reis upp á þriðja degi. Útilokað var að dauðinn fengi honum haldið. Guð tók sjálfur á sig skellinn af valinu en ekki maðurinn. Þó maðurinn vitaskuld hafi þurft að greiða margvíslegt gjald í jarðlífinu vegna syndarinnar. Með komu Krist og Kirkju Krists á jörðinni stendur honum til boða að sættast við Guð með trú sinni og er skilyrðið sem fram er sett.

**" Vér þekkjum, að vér erum stöðugir í honum og hann í oss, af því að hann hefur gefið oss af sínum anda. "** (1Jóh 4:13)

Það segir frá því texta Gamla testamentisins að Guð rak föllnu konuna og fallinn manninn burt úr garðinum og er skír mynd upp á kirkjuna hans og hvernig hann vill að kirkja sín sé. Að hann rak þau burt er ekki síður skír mynd upp á það að Guð getur ekki liðið syndina í sínu húsi. Þetta viðhorf Drottins hefur ekkert breyst. Adam og Eva urðu að yfirgefa yfirráðasvæði Drottins vegna síns eigin ranga vals. Annar herra var kominn inn til að ráða og ríkja yfir manningnum. Guð deilir ekki valdi sínu né dýrð með neinum öðrum.

Þrátt fyrir að niðurstaða Adams og Evu hafi verið röng var það samt ekki næg ástæða fyrir Drottinn að láta manninn bara róa sinn sjó. Þvert á móti að þá tók hann til óspilltra málanna og lagði veg fyrir Kirkju Krists og opinberaði í fæðingu Jesú. Spillingar- og eyðingarmáttur syndarinnar yrði sigraður þótt síðar væri. Þetta sigurtákn birtist mönnum svo í Syninum, dauða hans og upprisu. Á þessu byggir Kirkja Krists og hefur gert æ síðan. Á kraftinum sem þarna leystist úr læðingi reisti Faðirinn kirkju sína. Annað viðmið heldur en Orð Biblíunnar hefur Kirkja Krist því ekki.

Höfum við mynd í Biblíunni upp á fyrirmyndarkirkjuna eins og Guð upphaflega ætlaði henni að vera. Já, hana höfum við og sú mynd er einkar fögur og eftirsóknarverð að skoða og reyna að skilja. Þar fáum við að sjá algeran og fullkominn hreinleika milli manns og Guðs.

**" Drottinn Guð plantaði aldingarð í Eden langt austur frá og setti þar manninn, sem hann hafði myndað. Og Drottinn Guð lét upp vaxa af jörðinni alls konar tré, sem voru girnileg á að líta og góð að eta af, og lífsins tré í miðjum aldingarðinum og skilningstréð góðs og ills. "**(1Mós 2:8-9)

**" Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans. Og Drottinn Guð bauð manninum og sagði: Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild, en af skilningstrénu góðs og ills mátt þú ekki eta, því að jafnskjótt og þú etur af því, skalt þú vissulega deyja. "** (1Mós 2:15-17)

**" En er þau heyrðu til Drottins Guðs, sem var á gangi í aldingarðinum í kveldsvalanum, þá reyndi maðurinn og kona hans að fela sig fyrir Drottni Guði millum trjánna í aldingarðinum. Drottinn Guð kallaði á manninn og sagði við hann: Hvar ertu? "** (1Mós 3:8-9)

Þetta er myndin sem við höfum af atburðinum og áður heldur en sagan sem við þekkjum hófst og var rituð. Á þessum stað er samband mannsins við Guð hreint og tært og án minnstu hnökra eða skekkju.

Myndin sýnir að maðurinn og Guð áttu gott og hnökralaust samband í kvöldsvalanum. Einnig er augljóst þetta traust sem Guð sýnir manninum með því að treysta honum til að gæta Garðsins og hlúa að honum og vinna eins og honum er ætlað er og mynd upp á skilyrðislausan og gefandi kærleika Föðurins.

Að hluta til var þetta endurvakið í Kristi. Kirkja Krist mun samt aldrei ná þessu algera og hreina sambandi sem við lesum um í Mósebókunum á vorum tíma og hér í heimi vegna yfirflæðandi syndarinnar og þekkingar mannsins á verkum syndarinnar sem beyglar allt í umhverfi mannsins og allir með vakandi og opin augu sjá glögg.

Í Mósebókunum erum við samt með mynd sem sýnir okkur vel hvernig Guð hugsaði Kirkju sína. Hann þráði frá fyrstu tíð hið hreina og tæra samband við manninn. Og Guð hefur ekki breytt sér en maðurinn með röngu vali sínu breyttist og reyndi og reynir ítrekað að fela sig fyrir ásjónu Guðs. Það er og verður áfram ákveðið vandamál.

## **Kirkja Krist.**

(2 af 3)

Saga kirkjunnar er ekki alveg slétt og felld sem vitaskuld miður. Ekki er samt svo að skilja að boðskapur Jesú sé ekki fullkominn og óaðfinnanlegur. Málið er að maðurinn sem á að framkvæma verkið dettur stundum um eigin fætur. Framhjá þessu verður ekki horft. Í nafni kirkjunnar hafa margvísleg voðaverk verið unnin. Á hinum svokölluðu " Myrku Miðöldum." Átti sér margt stað sem lítlil sómi er að. En ekki í umboð né heldur að vilja Jesú sem talar skírt Orð um kærleika, fyrirgefningu og að rétta fram hina kinnina.

Neikvæðir hlutir gerðust og gerast sem margt fólk sér og minnir kristna menn reglulega á.

Á öllum tímum þurfa menn að vera sér meðvitaðir um þann sannleika að Jesú er boðberi hins góða, fagra og fullkomna og breytist ekki með tíðarandanum.

Galdrabrennur, þar sem trúvillingar voru brenndir a tíma Stóra Dóms hafði er hluti af þessu neikvæða í sögu kirkjunnar sem lifir svo vel meðal heiðingjanna. Verk sem þarna voru unninn voru bara verk syndarinnar og framkvæmd af syndugu fólki sem þó taldi seg vera að verja verk Krists. Bara áttavillt og afvegaleitt fólk sem setti sjálft sig skör ofar almenningi í skjóli sjálfskipaðs valds með krossinn yfir.

**" Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. "**(Róm 3:23.)

Og

**" Hafið gætur á sjálfum yður að þér missið ekki það, sem vér höfum áunnið, heldur megið fá full laun. Sérhver sem fer of langt og er ekki stöðugur í kenningu Krists, hefur ekki Guð. Sá sem er stöðugur í kenningunni, hann hefur bæði föðurinn og soninn. Ef einhver kemur til yðar og er ekki með þessa kenningu, þá takið hann ekki á heimili yðar og biðjið hann ekki vera velkominn. "** (2Jóh 1:8-10)

Krossferðirnar, galdrabrennurnar voru bara ofbeldisverk og unnið af mannvonsku sem byggði á hatri en ekki kristinni trú.

Krossferðirnar, galdrabrennurnar, dómar Stóra Dóms, allt ljótur blettur á mannkynssögunni sem útilokað er að sneiða framhjá í svona samantekt og á lítt skyld við boðskap Jesú. Að þetta komi fram þegar málið er rætt er mikilvægt. Vilji Drottins er skír.

Hinu má ekki gleyma að syndin er skelfilegt afl og henni hefur einfaldlega tekist að slá ryki í augu fólks þegar kemur að sögunni með þeim leiðu afleiðingum syndin hverfur í skuggann og menn þess í stað beina sjónum sínum til rangs aðila og kenna honum um allt saman. Kristi og Kirkju Krists.

Allt frá stofnun kirkjunnar hafa smeygst þangað inn fólk sem á þar ekki heima og er tundrað og hvatt af djöflinum sjálfum og gengur erinda hans. Þá sofnar söfnuðurinn og gerir ekki lengur það sem Orðið talar um heldur framkvæmir vilja þeirra sem fara fyrir. Og fólk treystir leiðtoga sínum en á erfitt með að haldast vakandi í sinni trú fái það ekki Orð Guðs rétt framsett, eins og var á Miðöldum.

Sauðsvartur almúginn bar óttablendna virðingu fyrir kirkjunni sinni og þráði að þjóna Guði af heilu, óskiptu hjarta en var mataður á röngum upplýsingum og síðan svæfður undir hæli blekkingarinnar sitjandi undir dauðum samkomum og dauðu orði.

Takið eftir einu að slíkt gat gerst af þeirri ástæðu einni að fólkið hafði ekki beinan aðgang að Orðinu og ekki rétt viðmið til að miða við. Þetta leiddi inn villu í kirkjuna. Og villan barst svo úr kirkjunni og inn í samfélagið og illur fnykur, í þá trúarlegum skilningi, loddði við allt umhverfi mannsins sem tók þátt í verkum syndarinnar og mætti á torgið þegar brenna skildi galdranorn eða endurskíranda sem Stóri Dómur dæmdi á bálið.

Kirkjan á hinum Myrku Miðöldum stóð fyrir allskonar framkvæmdum sem Orðið sjálft dæmir hart og bendir mönnum á að þeir skuli ekki gera né heldur leggja nafn sitt við. Aflátsbréfin eru bara eitt dæmið um villuna sem inn var komin þar sem menn og konur komu til páfa og



prelata og keyptu sér syndaaflausn fyrir fé og fengu sérstök bréf sem þeir höfðu með sér heim og töldu sjálfan sig verða hólpna af. Á sölu aflátsbréfanna stórgræddi kirkjan og fékk burði og bolmagn til að byggja hér og þar og koma á fót allskonar starfsemi og lifa í veraldlegum vellystingum.

Samkvæmt Orði Guðs þarf maðurinn að gera upp synd sína frami fyrir Drottni. Engin maður leysir annan mann frá ánauð syndar og allra síst í gegnum fjármagn. Þótt allt heimsins fé væri lagt fram fyrir Drottinn mundi það ekki nægja til að afmá skuldabréfið. Syndin er dýrkeyptari í augum Guðs heldur en svo að fyrir hana sé hægt að greiða með pappírssneplum eða gulli tekið úr jörðu. Dauði Sonarins var það eina sem var nógu stórt frami fyrir skaparanum og er staðreynd sem ekkert fær hnekk.

Ljóst er að til að haldast vakandi er eitt nauðsýnlegt. Menn verða fá óheftan aðgang að rétttri kennslu þar sem allt Orð Guðs fær að hljóma. Kirkjunnar menn á þessum tíma notuðu Orð Guðs til að viðhalda eigin völdum og halda neikvæðum ótta vakandi hjá lýðnum til að valdastéttin sem kominn var upp í kringum starfsemi kirkjunnar héldist áfram í höndum " sérvalina manna sem uppfylltu skilyrði ráðanna. "

Miðaldakirkjan var orðin geysiöflug í fjárhagslegu tilliti og raunverulega ríki í ríkinu um langa hríð með jafnvel meira vald á mörgum sviðum heldur en sjálft ríkisvaldið. Kirkjan stóð fyrir margskonar framkvæmdum sem ríkinu raunverulega bar að sinna. Er enda varla í verkahring kirkjunnar að byggja brýr yfir árfarvegi, almenna skóla og sjúkrahús vítt og breytt um lönd. Hún getur og á auðvitað að styðja slíkar framkvæmdir. Veraldlegt framkvæmdavald á að vera á höndum ríkisins og hjá þeim sem eru skipaðir til að halda utan um þessi embætti. Kirkjan hefur öðru hlutverki að gegna og saman styður þetta hvort annað og hefur blessun hvort af öðru þegar hlutirnir eru í lagi og byggðir á réttum grunni. Á hinu kristna skipulagi. Um þetta þarf Kirkja Krists að standa dyggan vörð og ætti að vera sjálfsagt bænarefni allra kristinna manna og kvenna.

Höldum áfram með umfjöllunina um Miðaldakirkjuna í Evrópu. Hluti af vandanum sem þá var uppi og sá skelfilegi sannleikur var að fólkinu sjálfu var haldið frá lestri á Orði Guðs. Þeir einir máttu opna þessa bók og fræða almenning voru menn sem kirkjan áður var búin að blessun sína yfir og vígja. Almennungi var því vits vitandi haldið í fáfræði af þessum sömu mönnum. Fólk gat ekki sjálft vitað hvað Orðið sagði um til að mynda skipulagið innan kirkjunnar. Þjónseðlið sem Kristur innleiddi með sinni eigin framkomu við lærisveina sína var ekki upp á pallborði miðaldakirkjunnar og er það ekki heldur í dag nema að takmörkuðu leiti.

Þjónn Drottins á ekki að drottna yfir söfnuðinum heldur skal hann vera mildur sem faðir og tilbúin til að leiðrétta fólk komi upp ágreiningur:

**" En Jesús sagði við þá: Konungar þjóða drottna yfir þeim og valdhafar þeirra kallast velgjörðamenn. En eigi sé yður svo farið, heldur sé hinn mesti yðar á meðal sem væri hann yngstur og foringinn sem þjónn. Því hvort er sá meiri, sem situr til borðs, eða hinn, sem þjónar? Er það ekki sá sem situr til borðs? Samt er ég meðal yðar eins og þjónninn. "** (Lúk: 22:25-27)

Þarna kemur fram hugarfar Krists sem hann eftirlét komandi kynslóðum.

Kirkja Krists er mild, alveg eins og Jesú er mildur og sáttfús og agandi hvern þann bróðir eða systir sem hann að sér tekur. Jesú var mildur við þá sem í kringum hann voru. En hann gat

brugðist harkalega við þegar menn sem áttu að vita betur fóru ekki rétt með og framgengu ekki samkvæmt því sem þeir sjálfir töluðu og kenndu. Orð Föðurins var það sem hann vildi verja og standa vörð um. Sama hugarfar vill hann gefa kirkju sinni. Jesú vissi að fyrir kraft Orðsins leystist fólk:

**" Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þér gjaldið tíund af myntu, anís og kúmeni, en hirðið ekki um það, sem mikilvægast er í lögmálinu, réttlæti, miskunn og trúfesti. Þetta ber að gjöra og hitt eigi ógjört að láta. Blindu leiðtogar, þér síð mýfluguna, en svelgið úlfaldann! "** (Matt 23:23-24)

Öll fáfræði í Orðinu er slæm. Að halda mönnum með ráðnum hug frá lestri Biblíunnar er stór synd sem menn skildu forðast eins og heitan eldinn að taka þátt í. En nákvæmlega þetta gerðist á þessum svokölluðu Myrku Miðöldum sem kannski öðru fremur gerir þær svo myrkar og eftirminnilegar í sögunni. Drottinn dó fyrir einstaklinginn og vill að þessi sami einstaklingur meti sjálfur boðskap Orðsins sem finna má í Biblíuna.

Engum manni og þjóni Krists leyfist að dæma náungann og allra síst bræður og systur. En kirkjan á þessum tíma varð skökk af einni ástæðu öðrum fremur. Menn innan hennar vébanda þekktu ekki ritningarnar og komu fram með eigin fantasíur og kennslu. Fantasíur sem heimiluðu þeim að taka aðra menn af lífi og brenna á báli fyrir villutrú og höfðu þá gleymt, eða vildu ekki vita, að Guð einn dæmir.

En Guð vakir yfir sínu orði. Að þeirri stund hlaut því að koma að hann tæki málið yfir til að fólkið fengi að sjá hvað væri rétt og hvað rangt og hverjum skyldi fylgja og treysta í sannleika og hverju hafna.

Að vísu voru reglulega haldnar messur í kirkju miðaldanna og fólk mætti. En öll messan fór fram á Latínu eða Hebresku sem engin í salnum skildi nema prestarnir einir og fræðimennirnir. Við slíkar aðstæður var erfitt um vik að haldast vakandi. Trúin gat fátt gert nema sofna í hjörtum fólksins.

Orðið eitt flutt með skilningi viðheldur trúareldinum. Og hvernig átti fólk að standa vörð um eitthvað sem það vissi aldrei hvað raunverulega var? Drottinn sjálfur hlaut að hreinsa sína kirkju.

Einn af þessum mönnum sem Drottinn notaði til þessara hreinsunarstarfa var munkurinn Marteín Luther sem gekk ötullega fram í köllun sinni. Það sem einkum vakti fyrir Luther var að hann vildi leiðrétta alla þessar rangfærslur sem viðgekkst og búnað að gera Kirkju Krists, þessa fögru byggingu Guðs, að skrímsli og ófreskju í samtímanum og án þess að almenningur veitt þessu athygli.

Þótt ýmislegt megi segja um framgöngu og talsmáta Marteíns Luthers og það sem hann lét hafa eftir sér, til að mynda um Gyðinga, gerði hann samt margt nytsamlegt sem breytti mörgu og kom Kirkju Krists til góða. Eitt af verkum Marteín Luther var að hann tók sér fyrir hendur að þýða Biblíuna yfir á móðurmál sitt Þýsku til að fólkið sjálft gæti lesið og metið Orð Guðs. Þetta gerðist eftir að hann var gjörður útlægur úr Kaþólsku kirkjunni vegna trúvillu. Að fá sig dóm fyrir trúvillu á þessum tíma var alvarlegur dómur og þungur að bera. Menn voru útilokaðir á margann hátt. Einnig kom Lúther gegn kenningum kaþólikkanna sem bannaði prestum að giftast með því að hann giftist sjálfur trúaðri konu. Enda er hvergi stafkrók að finna í Biblíunni sem bannar prestum að gifta sig.

Fyrir fáeinum árum var Marteín Luther tekin í sátt af Kaþólsku kirkjunni og honum gefnar upp sakir. Sáttargjörðin er vitaskuld viðurkenning á réttmæti verka Luthers og um leið áfellingisdómur um verk Kaþólsku kirkjunnar á þeim tíma sem Luther var uppi:

**" Þannig rættist orð hans, er hann hafði mælt: Engum glataði ég af þeim, sem þú gafst mér. Símon Pétur hafði sverð, brá því og hjó til þjóns æðsta prestsins og sneið af honum hægra eyrað. Þjónninn hét Malkus. Þá sagði Jesús við Pétur: Sting sverðinu í slíðrin. Á ég ekki að drekka kaleikinn, sem faðirinn hefur fengið mér? !" (Jóh 18:9-11)**

Einu má ekki gleyma þegar málið er skoðað að öll þessi andstyggilegu verk sem lifa og eru svo oft rifjuð upp voru framin af syndugu fólki sem hafði ekki í sér Anda Krists. Aðeins maður fylltur Heilögum Anda er Krists og fær að skilja boðskapinn rétt. Þetta er það sem Biblían kennir.

Óöldin sem ríkti í umboði kirkjunnar um fimmtánhundrað og eitthvað og aldirnar á undan var allt verk óvinarins sem illu heilli tókst að smeygja sér inn og ná tökum á stjórnendum kirkjunnar. Sem vitaskuld er áminning til nútímans um að halda vöku sinni.

En þó að sagan sé eins og hún er skráð og mistök hafi verið gerð hér og lifi jafnvel góðu lífi meðal þeirra sem þekkja ekki Krist á persónulegan hátt má ekki gleyma hinu að Kristur er hinn sami. Biblían er bókin sem kristinn maður skal tileinkar sér. Þetta er nauðsýnlegt. Kristur hefur ekkert breyst. Hann lifir og getur fyrirgefið syndir. Jesú er Sonur lifandi Guðs. Hann eftirlét fólkinu sanna uppskrift að góðu og göfugu. En breytni mannanna, vantrú þeirra, hroki, stolt og fleiri þættir spilla og eiga stóran þátt í allri þessari sögu sem á köflum er svo neikvæð.

Í gegnum tíðina hafa verið gerðar margar atlögur að kirkjunni og enn er verið að gera atlögur að þessari stofnun sem heitir kirkja með ókristilegri lagasetningu inn á hinu háa Alþingi Íslendinga og búa til lög sem eru greinilega gegn boðskap Jesú. En Kirkja Krists mun standa af sér alla storma og fá uppreisn æru í vitund Íslensku þjóðarinnar. Hvað hins vegar þarf mikið að ganga á áður en það gerist er ómögulegt að staðsetja. Um tvo valmöguleika er að ræða. Veljum Jesú Krist.

## **Kirkja Krist.**

(3 af 3)

Kirkja Krists er fjölbreytilegt og skemmtileg. Hún er full af fjöri, lífi og kærleika Krists með burði til að þjást með sínu fólki, gleðjast með sínu fólki og taka þátt í verkum og störfum sinna manna og kvenna. Henni er ekkert mannlegt óviðkomandi og fetar ekki braut heimsins sem sér ekki lengra en nef hans nær. Heims sem hleypur svo oft gönuhlaup og hrasar og hruflar sig illa að jafnvel engin lækning fæst við sárinu sem af fallinu hlaust. Er heimurinn enda fullur af " ég og mitt "- mönnum. Svona hugsar Kristur ekki né heldur Kirkja Krists.

Kirkju Krists ber að auðga lífið og muna Jesú dó líka fyrir manninn og konuna sem lífið hefur lagt í duftið og öðrum sem beðið hafa í lægri hlut og orðið undir í átökum af hvaða toga sem er. Kirkja Krists hefur burði til að breyta mönnum og öllum aðstæðum líka og á til fjölmarga vitnisburði sem einmitt greina frá breytingum á högum fólks til góðs. Þetta og meira til megnar Kirkja Krists.



Kirkja Krists er eign Jesú Krists en engra manna. Hirðarnir, forstöðumennirnir, pastorarnir, og aðrir sem gegna embættum innan veggja Kirkju Krists eru settir þar til að vera gæslumenn hjarðarinnar og hafa þann heiður af Kristi að hann treystir þeim til að annast sitt fólk. Öllu forstöðufólki ber og að leita til Jesú.

Jesús er á himnum en hirðirinn - maðurinn - á jörðinni og innanum vaðandi synd og kannski í úlfagreni. Hirðirinn má ekki lengur vera þátttakandi í syndarinnar verkum. Margt getur gerst uggi hirðir Drottins ekki að sér og lætur sogast meira en góðu hófi gegnir inn í syndina. Hirðir Drottins má því ekki láta líða of langt á milli þess að ákalla þetta nafn og koma fram fyrir lífgjafa sinn.

Í nafninu JESÚ býr öll fylling Guðdómsins. Jesú er höfuð Kirkju Krists og stjórnar og stýrir sinni kirkju sjálfur. En alltaf í gegnum breyska menn gæddir Heilögum Anda og Biblíuna.

Höfum hugfast að mennirnir - já, hirðar Jesú - berjast dægrin löng við eigið hold og Anda Guðs sem standa hvorir gegn öðrum eins og tveir veggir og maðurinn þar á milli veljandi á hverjum tíma hvorum hann vilji þjóna:

**" Holdið girnist gegn andanum, og andinn gegn holdinu. Þau standa hvort gegn öðru, til þess að þér gjörði ekki það, sem þér viljið. "**(Gal 5:17)

Verk Andans eru augljós á sama hátt og verk holdsins eru augljós. Alltaf val og nokkuð sem lífið einfaldlega hefur upp á að bjóða.

Manneskjan er hérna og velur á milli góðs og ills. Sama hvaða klókindum menn beita til að komast framhjá slíkri hindrun sem val er verður það samt á endanum að velja. Og valið sem fyrr stendur um holdsins verk og verk Andans. Velji fólkíð Krist gerir það verk Krists og fer til Kirkju Krists.

Fólk sem Drottinn mætir og tekur frá fyrir gerist með þeim hætti að hann gróðursetur Kirkju sína í hjarta viðkomandi. Og þannig verður fólkíð háð kirkjunni sem hér er nefnd Kirkja Krists og ekki lengur um villast hvar þetta fólk er statt í þá trúarlegu tilliti. Mannsins sjálfs er svo að rækta sína trú og hlúa að henni. Og litla fræið nær að umbreytast í stórt, öflugt tré sem fuglar himins fá leitað skjóls í. Þetta segir Orðið sjálf sem gerir Kirkju Krists svo merkilega og um leið mikilvæga:

**" Líkt er það mustarðskorni. Þegar því er sáð í mold, er það smærra hverju sáðkorni á jörðu. En eftir að því er sáð tekur það að spretta, það verður öllum jurtum meira og fær svo stórar greinar, að fuglar himins geta hreiðrað sig í skugga þess. "**(Mark 4:31-32)

Sannleikurinn er sá að Kirkja Krists býr í hjarta manneskju. Drottinn setur ákveðna löngun þangað inn sem hún fær ekki svo auðveldlega vikið sér undan. Allt fólk er hluti af sköpunarverki Guðs:

**" Farísear spurðu hann, hvenær Guðs ríki kæmi. Hann svaraði þeim: Guðs ríki kemur ekki þannig, að á því beri. Ekki munu menn segja: Sjá, þar er það eða hér er það, því Guðs ríki er innra með yður. "**(Lúk 17:20-21)

Þótt vilji mannsins sé upp og niður og fari út um víðan völl leynist þar samt djúp löngun til að vera virkur á akrinum. En oft skortir honum hvatningu. Ekki einvörðungu til að eldurinn

viðhaldist í brjósti manneskjunnar heldur magnar hvatningin upp þennan eld og verði að skíðlogandi báli sem gerir manninn að óstöðvandi boðbera fagnaðærindisins. Samskonar eldur og logar í Kristi sjálfum á öllum tímum. Sem enda er sístarfandi. Svona eldi vill hann miðla til kirkju sinnar.

En margt í fari voru er hindrun á þessari leið. Vaninn er eitt. Allur þessar þægilegu stöður annað. Og er Kristur knýr á og vill fara að sjá breytingar verða á kirkju sinni eru menn oft svo ófúsir. Vaninn heldur fast um sitt og líka stöðurnar. Þar sem Jesús er skal vera líf. Innan veggja Kirkju Krists á fólk að geta skemmt sér á sæmandi hátt og umfram allt annað upplifað sig frjálst. Enda allir á sömu línu með einum huga og elskandi Jesú. Fyrirstaðan er manneskjan sjálf og ástand hennar sem er svona í dag og allt öðruvísi á morgunn. Maðurinn þarfnast aga og að vilja temjast við aga Guðs.

Þótt Kristur elski reglu og að gott skipulag ríki í kirkju sinni býr hann þó ekki í vananum þótt svo geti vel verið. Margt sem gert er inn í kirkjunum er harla gott. Gleymum því ekki. Heilagur Andi sér um þessa hluti fái hann aðeins rými til verksins. Andinn þarf að ná eyrum fólks til að vilji Krists komi fram. Menn þurfa að vera opnir og viðurkenna stöðu sína og mátt og dýrð Drottins sem fer ekki alltaf saman. Því miður:

**" Útlendingar munu standa yfir hjörðum yðar og halda þeim til haga, og aðkomnir menn vera akurmenn og víngarðsmenn hjá yður, en sjálfir munuð þér kallaðir verða prestar Drottins og nefndir verða þjónar Guðs vors. Þér munuð njóta fjárafla þjóðanna og stæra yður af auðlegð þeirra. "** (Jes 61:5-6)

Allt fólk Krists hefur í sér sjálfu Heilagann Anda og er ástæðan fyrir að Kirkja Krists er raunverulega færanleg. Hvar sem Heilagur Andi starfar í hjarta manns breytist umhverfið í Kirkju Krists á svona óbeinan hátt og tekur vald á þeim stað sem Guðsmaðurinn er á. Og sérhver illur andi á svæðinu skal hafa hljótt um sig. Drottinn kemur þessu til vegar:

**" Því Guðs ríki er innra með yður. "**

Menn og konur hafa sjálfræði um hvar, hvenær og hvort fólk þið opni munn sinn til að segja öðrum frá Jesú.

Í sumum Kirkjum Krists logar eldurinn glatt og menn og konur eru fullar eldmóðs. Aðrar eru dottandi og sofandi og jafnvel hrjóta. Í slíkum kirkjum fer allt hægfara fram og menn og konur sitja réttar í baki í réttum klæðnaði með óaðfinnanlegan svip á andlitinu og bera þurrku upp að munni sínum í hvert skipti sem hósti eða geispi gerir vart við sig. Allt fágað og snyrt. Þannig vill fólk í slíkri kirkju fá að lofa sinn Guð. Og allt í lagi með það. Horfir Drottinn enda á hjartað. Það sem þar leynist sker enda úr fyrir honum. Svona getur líka gerst í Kirkju Krists og oftast nær fyrir þær sakir að fólk þið sem fer fyrir hefur glatað fyrri eldi og við engu má hrófla. Aldrei væri nefnilega að vita nema hnitmiðuð og kröftug ræða hins eldlega Guðsmanns ylli of mikilli hreyfingu. Sem vitaskuld þarf að fara varlega í en samt vel réttlæt看legt á ákveðnu stigi og með réttri undan vinnu.

Lækningin á sér stað inn í Kirkju Krist fyrir mátt og kraft Orðsins. Jafnvel eldur sem nánast er orðin glóð fær fóður af predikuninni og logar sem aldrei fyrr. Brynt er að leiðtogarnir hindri ekki Anda Guðs og meini mönnum sem eldur Guðs logar í að standa í ræðupúlti og tala til kirkjunnar. Ef eldlegum predikara er meinaður aðgangur að ræðupúlti í Kirkju Krist, sem því miður kemur fyrir, hefur kirkja Krists misst sitt tækifæri og boðskapinn sem eldlegi

predikarinn var sendur með til hennar. Aukin þekking á Jesú eykur gleði mannsins og hann færir nær Drottni.

Að eldlegri kirkju lagði Kristur grunninn með störfum sínum og tali og lærisveinarnir sem störfuðu með honum og stofnsettu eftir gjöf Heilags Anda á Hvítasunnudag. Hinir fyrstu lærisveina Krists gengu fram í sama eldi og jafnvel meiri eldi heldur en Meistarinn. Um þennan eld getum við fræðst í Postulasögunni.

Munum! Jesú lifir í dag og framkvæmir eins og á tímum lærisveinanna.

Svo lengi sem fólkið hrópar sínar bænir í Jesú nafni mun Drottinn standa við sitt. Kristur fer ekki í manngreinarálit og veit um breyskleika mannsins og hve hann er gjarn á að festa sig sjálfan í vana og þreytast og lýjast á göngunni kannski a föllum þessum vana sem hann hefur bundið sig við.

Orð Drottins standa öll kyrr á sínum stað sem máttur heljar fær ekki grandað né unnið á. Jesú yfirgefur engan. Hann mun áfram standa við sín Orð. Annað er útilokað.

Guði sé lof, dýrð og heiður fyrir trúfesti hans kærleika, náð og þolinmæði. Hann segir enda sjálfur:

**" Hvað um það, þótt nokkrir hafi reynst ótrúir? Mundi ótrúmennska þeirra að engu gjöra trúfesti Guðs? Fjarri fer því. Guð skal reynast sannorður, þótt hver maður reyndist lygari, eins og ritað er: Til þess að þú reynist réttlátur í orðum þínum og vinnir, þegar þú átt mál að verja. En ef ranglæti vort sannar réttlæti Guðs, hvað eigum vér þá að segja? Hvort mundi Guð vera ranglátur, er hann lætur reiðina yfir dynja? Ég tala á mannlegan hátt. Fjarri fer því. Hvernig ætti Guð þá að dæma heiminn? "** (Róm 3:3-6)

Og:

**" Mínir sauðir heyra raust mína, og ég þekki þá, og þeir fylgja mér. Ég gef þeim eilíft líf, og þeir skulu aldrei að eilífu glatast, og enginn skal slíta þá úr hendi minni. Faðir minn, sem hefur gefið mér þá, er meiri en allir, og enginn getur slitið þá úr hendi föðurins. Ég og faðirinn erum eitt. "** (Jóh 10:27-30)

Lof og heiður sé fyrir Kirkju Krists á jörðinni. Amen

Fyrst gert 2003

Endurgert 16 janúar 2011